

Umhverfisnefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurtræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. **P** 127/2184
komudagur 21.5.2002

17. maí 2002

Efni: Tillaga til þingsályktunar um neysluvatn

Manneldisráð hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um neysluvatn.

Hvað neysluvatn varðar telur Manneldisráð mestu skipta að allir landsmenn eigi aðgang að heilnæmu neysluvatni og telur ráðið ástæðu til að hafa slíkt ákvæði í umræddri þingsályktun. Ráðinu er þó ekki ljóst hvaða ávinning það hefur í för með sér að skilgreina neysluvatn sem auðlind í lögum. Ráðið tekur undir þá ályktun að málefni neysluvatns verði vistuð á einum stað í stjórnarsýslunni og leggur jafnframt til að þau fylgi þar öðrum matvælum. Neysluvatn telst til matvæla samkvæmt lögum en málaflokkarnir heyra undir mörg ólík ráðuneyti eins og málum er nú háttað.

Virðingarfyllst,
f.h. Manneldisráðs



Laufey Steingrimsdóttir